

BORGARRÁÐ 8. desember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kaup þjónustu- og nýsköpunarsviðs á Apple vörum - MSS22120040

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um það hversu margar MacBook Pro og MacBook Air fartölvur ásamt öðrum Apple búnaði, þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur verið að kaupa undanfarin þrjú ár og fyrir hvaða starfsemi innan borgarinnar. Vill fulltrúinn einnig sjá hver dreifingin er á þessum búnaði eftir sviðum, skrifstofum og deildum. Einnig vil fulltrúinn fá að vita hvaða rök þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur fyrir kaupum á svona dýrum búnaði fyrir borgarfulltrúa og annað starfsfólk sem ekki er beint að vinna með þunga grafík, krefjandi hljóðvinnslu eða annað sem krefst slíks tækjabúnaðar. Það kemur fulltrúa Flokks fólksins á óvart að þjónustu- og nýsköpunarsvið skuli bjóða starfsmönnum og borgarfulltrúum upp á að vera með MacBook Pro fartölvum og annan Apple búnað þegar ljóst er að slíkur búnaður er mun dýrari en hefðbundnar PC tölvur. Fulltrúinn fær ekki betur séð en að einhver hluti borgarfulltrúa hafi einmitt fengið útlutað MacBook Pro fartölvur til þess að fletta í gegnum fundargerðir og annað sem ekki flokkast beint undir þunga tölvuvinnslu. Þarna er enn eitt dæmið um það hversu frjálsglega sviðið virðist fara með það fé sem því er útlutað af skattfé borgarbúa.